

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 14. nóvember 2025

Umsögn Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (erlendar fjárfestingar)

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 21. október sl., var Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) sent til umsagnar 173. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í I. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Vert er að skoða nánar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á **skattskyldu erlendra aðila**. Í umsögnum um málið hefur m.a. KPMG Law lagt til að skoðað verði nánar hvort fella skuli allar vaxtatekjur erlendra aðila undir ákvæði frumvarpsins og vísað til þess að í flestum tvísköttunarsamningum sem Ísland er aðili að sé ekki gerður greinarmunur á vaxtatekjum eftir því af hvers konar fjármálagerningum þær stafa. **SFF taka undir framangreint og telja það samræmast markmiðum lagabreytinganna að allar vaxtatekjur erlendra aðila verði felldar undir ákvæði frumvarpsins.**

Með b. lið 1. gr. frumvarpsins er ráðgert að skattskylda erlendra aðila **vegna hagnaðar af sölu hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta hér á landi verði felld á brott** með nýjum málslíð, sem leysir 5. og 6. málslíði 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. gildandi laga, um tekjuskatt af hólmi. **SFF þykir athugunarvert að undanþága frá skattskyldu vegna hagnaðar af sölu hlutdeildarskírteina muni ekki gilda um alla sérhæfða sjóði**. Samhljóma athugasemdir hafa komið fram í umsögnum um málið á fyrri stigum. Samtökin benda á að sérhæfðir sjóðir, ætlaðir öðrum en almennum fjárfestum, séu gjarnan settir á laggirnar með það fyrir augum að fjárfesta í vaxandi nýsköpunarfyrirtækjum. SFF telja rétt að ákvæði frumvarpsins verði útvíkkuð og leggja því til að breytingar verði gerðar á b. lið 1. gr. frumvarpsins þannig að undanþágan **gildi jöfnum höndum um þær tegundir sjóða sem nefndar eru í frumvarpinu og sérhæfða sjóði ætlaða öðrum en almennum fjárfestum**. Slíkar breytingar samræmast meginmarkmiði laganna um að efla erlendar fjárfestingar hér á landi, sér í lagi ef ætlunin er að ná markmiðinu fram í raun og veru.

Einnig er vikið umfjöllun í frumvarpinu um það umstang sem fylgt getur undanþágu frá staðgreiðsluskyldu erlendra aðila á grundvelli tvísköttunarsamninga og þau neikvæðu og fráhrindandi áhrif sem slíku umstangi getur fylgt fyrir erlenda aðila. **Leggja SFF til að skoðað verði að fella ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga úr gildi samhliða þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu**. Ákvæðið mælir fyrir um að innleystur gengishagnaður af hvers konar innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt á innlausnarári teljist til tekna sem vextir. Slík breyting samræmist markmiðum frumvarpsins enda kynni hún að liðka fyrir innlánum frá erlendum aðilum.

Að lokum er rétt að nefna þau sjónarmið sem fram komu á [ráðstefnu](#) sem SFF og Nasdaq héldu nú í nóvember, „*Leiðir til að efla hlutabréfamarkaðinn*“. Samhljómur var í framsögum aðila, og öðrum þátttakendum, um mikilvægi þess **að efla fjárfestingar erlendra aðila hérlandis**. Í upphafi ráðstefnunnar kom skýrt fram í erindi Fjármála- og efnahagsráðherra, Daða Más Kristóferssonar, að fjárfesting í atvinnurekstri er undirstaða velmegunar og það þurfi að gera meira til þess að fjölga fjárfestum, skráðum félögum og **auka þátttöku erlendra aðila** á hlutabréfamörkuðum og í fjárfestingum hérlandis. Einnig vísaði ráðherra í þessu samhengi til frumvarps þess sem hér er ritað um á ráðstefnunni. Í [framsögu](#) Seðlabankastjóra kom sérstaklega fram að hérlandis sé þörf á erlendu

fjármagni til þess að tryggja samkeppni og fjölbreytni á fjármagnsmarkaði. Í [erindi](#) forstjóra Nasdaq á Íslandi benti hann á að mikilvægt væri að fjölga erlendum fjárfestum og nefndi m.a. að mikilvægt væri að afnema skatt á söluhagnaði erlendra fjárfesta. Með vísan til þessa skorar SFF á stjórnvöld að ganga enn lengra, en frumvarp þetta kveður á um. Mikilvægt er að auka hvata fyrir erlenda aðila til að fjárfesta hér á landi, samhliða því að efla hlutabréfamarkað, og þar með verðmætasköpun í þjóðfélaginu, sem er í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar.

SFF áskilja sér rétt til að koma fram frekari athugasemdum á síðari stigum og eru reiðubúin til að gera frekari grein fyrir umsögn sinni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
F.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur